

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI FYRIR FLUGELDASÝNINGU

**Björgunarfélag Árborgar
Árvegi 1
800 Selfoss**

kt. 470483 0839

Ábyrgðaraðili og skotstjóri: Páll Bjarnason, kt. 191259 2469

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

	Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1 Leyfið tekur til flugeldasýningar við skúr í kirkjugarðinum á Selfossi, 6. ágúst 2022 frá kl. 23:00 - 23:15, með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt, ásamt gildandi löggreglusamþykkt og neðangreindum skilyrðum.	550/2018 5. gr.	
1.2 Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að ákvæðum starfsleyfis sé fylgt.	550/2018 56. gr.	

2. SKILYRÐI

	Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1 Leyfi Heilbrigðisnefndar Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi löggregluyfirvalda fyrir sýningunni.	414/2017 14. gr.	
2.2 Skilt er að haga allri háværri starfsemi þannig að valdi sem minnstu ónæði.	724/2008	
2.3 Óheimilt er að hefja skoteldasýningu ef vindátt eða veðrátta er óhagstæð að mati löggreglu.	414/2017 14. gr.	
2.4 Sjá skal um að skotsvæði sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.	414/2017 15. gr. og rgl. nr. 737/2003	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:
Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 414/2017 um skotela og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Selfossi, 2. ágúst 2022

Fh. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Águst Óskar Sigurðsson,
heilbrigðisfulltrúi



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu tímabundins starfsleyfis

Björgunarfélag Árborgar

kt. 470483 0839

Árvegi 1, 800 Selfoss

vegna flugeldasýningar á Selfossi þann 6. ágúst 2022

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 28. júní sl. umsókn Ágústs Inga Kjartanssonar, kt. 190589 2509, f.h. Björgunarfélags Árborgar, kt. 470483 0839, um tímabundið starfsleyfi fyrir flugeldasýningu við skúr í kirkjugarðinum á Selfossi þann 6. ágúst 2022 kl. 23:00 – 23:15.

Móttaka umsóknarinnar var auglýst 30. júní sl. á heimasíðu embættisins, www.hsl.is. Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaþróun og sé í samræmi við samþykkta notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þar sem um tímabundið starfsleyfi er að ræða og starfsemin hvorki bygginga- eða framkvæmdaleyfisskyld, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingarfulltrúa um ofangreinda þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að tímabundnu starfsleyfi fyrir flugeldasýningu á vegum Björgunarfélags Árborgar á heimasíðu embættisins, www.hsl.is. Auglýsingin var birt þann 30. júní sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 28. júlí sl.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis

Í 6. gr. samþykktar nr. 1270/2021 fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 1. nóvember 2021, kemur fram að framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlitsins sé heimilt að gefa út starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem talinn er upp í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. án þess að til formlegrar afgreiðslu heilbrigðisnefndar hafi komið, að því gefnu að engar athugasemdir hafi borist við auglýst starfsleyfi.

Þar sem engar athugasemdir bárust innan auglýsts frests, hefur starfsleyfi fyrir starfsemina verið gefið út í samræmi við ofangreint með gildistíma í samræmi við innsenda umsókn.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeyferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 2. ágúst 2022.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,



Águst Óskar Sigurðsson,
heilbrigðisfulltrúi